



Heimild til að hefja verkefnið: Umsýsla myndefnis og stafrænnar miðlunar

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefnið „umsýsla myndefnis og stafrænnar miðlunar“. Markmið verkefnisins er að bæta umsýslu, flæði og skráningu myndefnis í starfsemi Reykjavíkurborgar með notkun Fotoware kerfisins, með það að markmiði að gera gögnin aðgengilegri fyrir íbúa og starfsmenn.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80019 Upplýsinga- og gagnastýring. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá janúar til desember 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 30 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Kerfið er þegar í rekstri hjá borginni og er því ekki gerð ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði vegna verkefnisins.

Erindið hefur verið lagt fram og kynnt á fundi stafræns ráðs, sbr. 3. lið fundargerðar ráðsins frá 28. febrúar 2024.

Greinargerð:

Fotoware er stafrænt gagnasafn fyrir ljósmyndir, myndbönd, teikningar og hljóðupptökur. Kerfið hefur verið í notkun hjá Reykjavíkurborg um langan tíma án skilgreinds eignarhalds og samræmdar notkunar eða miðlunar og hefur ekki verið innleitt hjá öllum sviðum á skilvirkum hátt. Með verkefninu verður notkun kerfisins samræmd, kerfið sett í reglubundinn rekstur, ferlar innan kerfisins verða skilvirkari. Það leiðir til þess að gögnin verða aðgengilegri fyrir borgarbúa og tryggt að skilaskyld gögn endi í varðveislu. Einnig verður reikningshald á einum skilvirkum stað.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif. Verkefnaráð samþykkti verkefnið á fundi sínum þann 23. nóvember 2023 með fjármagni upp á 30 mkr. í samræmi við frumkostnaðaráætlun verkefnisins.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri

og

Óskar Þór Þráinsson,
skrifstofustjóri skrifstofu upplýsinga og skjalastýringar